

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag landsspildu úr landi Fljótshóla, vegna íbúðarhúss og skemmu.*
Skipulagssvæðið er 7,4 ha þar sem gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar fyrir íbúðarhús og bílskúr og hins vegar fyrir húsnæði tengu frístundabúskap.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2008.
2. *Deiliskipulag landsspildu úr landi Rútsstaða, vegna íbúðarhúss og útihúsa.*
Skipulagssvæðið er 15,63 ha þar sem gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar fyrir íbúðarhús og bílskúr og hins vegar fyrir vélageymslu og hesthús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júní 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2008